

Efni: Samningar Reykjavíkurborgar við íslenska ríkið – samantekt upplýsinga

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 20. mars sl. var skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið það verkefni að taka saman heildaryfirlit þeirra samninga sem Reykjavíkurborg hefur gert við íslenska ríkið. Tekur framangreint yfirlit til þeirra samninga sem í gildi eru, til lengri og skemmri tíma, sbr. 4. lið 55. fundar:

4. liður. Fram fer umræða um mögulega opinbera birtingu samninga Reykjavíkurborgar við íslenska ríkið. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að taka saman heildaryfirlit þeirra samninga sem í gildi eru á milli Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins.

Í samræmi við ofangreinda samþykkt, felur skrifstofa borgarstjóra og borgarritara sérhverju fagsviði Reykjavíkurborgar og hverri skrifstofu í miðlægri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar að vinna yfirlit yfir samninga við íslenska ríkið sem þar eru vistaðir. Yfirlit óskast sent eigi síðar en 18. maí nk.

Sandra Dröfn Gylfadóttir
e.u.